

Alþingi  
Erindi nr. P 135/2549  
komudagur 6.5.2008

## Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda

Húnabraut 13, 540 Blönduós

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Blönduósi.5 maí 2008

**EFNI: Beiðni um umsögn Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda um: Þskj. 825 — 524. mál. Frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lögum vegna endurskoðunar á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn og innleiðingar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002 frá 28. janúar 2002 auk afleiddra gerða. (Lagt fyrir Alþingi á 135. löggjafarþingi 2007–2008.)**

Á aðalfundi BHS 22. apríl var málið tekið til umfjöllunar og eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:  
” Aðalfundur BHS haldinn 22. apríl 2008 í Ásbyrgi mótmælir harðlega öllum hugmyndum um óheftan innflutning á ferskum kjötvörum eins og lagt er til í fyrirleggjandi frumvarpi frá landbúnaðarráðherra án þess að áður séu rækilega könnuð áhrif þess á framleiðslu, sölu og úrvinnslu á íslenskum kjötvörum. Einnig að kannaðar verði afleiðingar þess á búsetu í landinu. Fundurinn lýsir þungum áhyggjum yfir að dýraheilbrigði og þeirri góðu sjúkdómastöðu sem er hér á landi sé stefnt í voða ef þessi áform ganga óbreytt eftir. Einnig átelur fundurinn harðlega að innleiðing á matvælalöggjöf EB hafi ekkert verið kynnt fyrir bændum fyrir en málið virðist frágengið.” Samþykkt samhljóða

Stjórn BHS tekur heilshugar undir ályktun aðalfundar og gerir þá kröfu að afgreiðslu frumvarpsins verði frestað. Tími gæfist þá til að skoða væntanleg áhrif þess á íslenskt samfélag og hvernig bregðast mætti við þeim áhrifum sem það hugsanlega hefur með mótvægisáðgerðum, svo ekki komi til verulegs samdráttar í framleiðslu og úrvinnslu íslenskra landbúnaðarafurða með ófyrirsjáanlegum afleiðingum á búsetu í hinum dreifðu byggðum landsins.

F.h. stjórnar Búnaðarsambands Húnaþings og Stranda

---

Jón Gíslason, formaður

---

Gunnar Ríkhartsson, framkvæmdastjóri